

Nr.: STS-008	<b>Tækniskólinn</b>	 <b>Tækniskólinn</b> <small>skóli atvinnulífsins</small>
Útgáfa: 1.0		
Dags: 14.11.2018		
Eig: Gæðastjóri	<b>Gæðaráð</b>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Gæðaráð Tækniskólans er skipað skólameistara, skólastjóra, gæðastjóra, fulltrúa kennara og fulltrúa nemenda. Gæðastjóri er formaður gæðaráðs

Gæðaráð heldur fasta mánaðarlega fundi samkvæmt boðaðri dagskrá, en getur kallað til fundar hvenær sem tilefni er til eða þurfa þykir.

**Hlutverk og meginverkefni gæðaráðs eru:**

- Framfylgja gæðastefnu og veita gæðastarfi innan skólans forystu
- Bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis skólans
- Tryggja að skólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans
- Vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál skólans
- Safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi skólans sem lúta að gæðum
- Taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi skólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans
- Fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á skólanum og tryggja eftirfylgni

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundinum og falin í ábyrgð stjórnenda færð í málaskrá ef við á. Úrbætur, forvarnir og aðrir þættir gæðamála sem koma upp á fundum gæðaráðs eru því í stöðugri umfjöllun og virk eftirfylgni með framkvæmd.

Gæðaráði er ætlað að fylgjast með stefnum og straumum, finna nýjar leiðir og standa fyrir þróun í gæða- og umbótastarfi.

Með ofangreindum hætti tvinnar Tækniskólinn daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.